

Ed.

471. Frumvarp til laga

[38. mál]

um heimild handa ríkisstjórninni til að selja Kópavogskaupstað land jarðanna Kópavogs og Digraness og um eignarnámsheimild á erfðafesturéttindum.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Kópavogskaupstað allt land jarðanna Digraness og Kópavogs að undanskildum nýbýlum og því landi, sem heilbrigðismálaráðuneytinu hefur verið afhent vegna rekstrar hæla ríkisins í Kópavogi og búrekstrar ríkisins í sambandi við þau.

Náist ekki samkomulag um söluverð landsins, skal það metið af gerðardómi, þar sem kaupandi og seljandi tilnefni hvor sinn aðila, en bæjarfógeti Kópavogskaupstaðar oddamann. Þó skal Kópavogskaupstað ekki gert að greiða þá verðhækkun landsins, sem orðið hefur vegna framkvæmda bæjarfélagsins sjálfs, síðan farið var að skipta landinu í byggingarlóðir.

Andvirði landsins skal Kópavogskaupstað heimilt að greiða á 25 árum.

Þarfnist ríkið eða ríkisstofnanir byggingarlóða úr landinu undir opinberar byggingar, skal því heimilt að kaupa þær og þá við sama verði hlutfallslega og Kópavogskaupstað var gert að greiða fyrir landið.

2. gr.

Bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar er heimilt að taka eignarnámi erfðafesturéttindi í eignarlandi kaupstaðarins, ef nauðsyn krefur vegna skipulags. Um framkvæmd eignarnámsins skal fara eftir ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1917.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.